

Fjölís hagsmunasamtök
Ársreikningur 2020

Fjölís hagsmunasamtök.
Barónsstíg 5
101 Reykjavík

kt. 491285-0289

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Samkvæmt rekstrarreikningi var úthlutun ársins og annar kostnaður umfram tekjur og afkoma ársins neikvæð að fjárhæð 2,3 millj. kr. á árinu. Eigið fé félagsins í árslok nam 7,2 millj. kr.

Stjórn Fjölís hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 27. maí 2021.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fjölís hagsmunasamtaka.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjölís („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlumum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. maí 2021.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur:			
Tekjur		<u>150.103.724</u>	<u>132.711.542</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og tengd gjöld	2	4.546.178	4.152.832
Laun stjórnar		4.152.650	4.474.600
Úthlutanir		139.360.880	131.146.811
Annar rekstrarkostnaður		<u>4.509.518</u>	<u>3.943.386</u>
		<u>152.569.226</u>	<u>143.717.629</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(2.465.502)	(11.006.087)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		208.815	288.294
Vaxtagjöld		<u>(87.944)</u>	<u>(17.264)</u>
		<u>120.871</u>	<u>271.030</u>
Afkoma ársins	3	<u>(2.344.631)</u>	<u>(10.735.057)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir:			
Viðskiptakröfur		1.125.245	2.640.714
Aðrar kröfur		113.427	77.166
Handbært fé		6.337.470	7.934.757
Veltufjármunir samtals		<u>7.576.142</u>	<u>10.652.637</u>
Eignir samtals		<u>7.576.142</u>	<u>10.652.637</u>
Eigið fé:			
Eigið fé		7.217.526	9.562.157
Eigið fé samtals	3	<u>7.217.526</u>	<u>9.562.157</u>
Skuldir:			
Skammtímaskuldir		<u>358.616</u>	<u>1.090.480</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>7.576.142</u>	<u>10.652.637</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma ársins	3	(2.344.631)	(10.735.057)
Veltufé til rekstrar		(2.344.631)	(10.735.057)
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun		1.479.208	8.334.594
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(731.864)	1.090.480
Breytingar rekstartengdra eigna		747.344	9.425.074
Handbært fé til rekstrar		(1.597.287)	(1.309.983)
Lækkun á handbæru fé		(1.597.287)	(1.309.983)
Handbært fé í ársbyrjun		7.934.757	9.244.740
Handbært fé í lok ársins		6.337.470	7.934.757

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Innlausn tekna byggist á samningum við Ríkissjóð, sveitarfélög og fleiri aðila vegna fjölföldunar og annarrar eftirgerðrar höfundarverka.

c. Úthlutun

Tekjum félagsins er úthlutað til aðildarfélaga samtakanna, eftir að tekið hefur verið tillit til rekstrarkostnaðar á hverjum tíma. Úthlutun til aðildarfélaga byggir á samkomulagi þeirra um mælda og áætlaða hlutdeild hvers félags í mismunandi tegundum samninga.

d. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun	3.645.030	3.322.244
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	901.148	830.588
	<u>4.546.178</u>	<u>4.152.832</u>

Einn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu.

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2020	2019
Eigið fé 1.1.2020	9.562.157	20.297.214
Afkoma ársins	(2.344.631)	(10.735.057)
Staða 31.12.2020	<u>7.217.526</u>	<u>9.562.157</u>

Skýringar, frh.:

Varasjóður

Hlutverk varasjóðs er að til séu fjármunir til að standa straum af greiðslu höfundaréttargjalda vegna krafna frá höfundum utan hagsmunasamtaka, sbr. grein 4.3. í samþykktum fyrir Fjölís. Eignir og eigið fé varasjóðs greinast þannig:

	2020	2019
Handbært fé 1.1.	5.185.815	5.084.660
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur	29.646	101.155
Handbært fé 31.12.	<u>5.215.461</u>	<u>5.185.815</u>
Eigið fé 1.1.	5.185.815	5.084.660
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur	29.646	101.155
Eigið fé 31.12.	<u>5.215.461</u>	<u>5.185.815</u>